

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 9. janúar 1935, um vinnumiðlun.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna, í þeim kaupstöðum, þar sem eru starfandi vinnumiðlunarskrifstofur í samræmi við lög um vinnumiðlun, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda vinnumiðlunarskrifstofunni á staðnum afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig útbúnar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefir verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Vinnumiðlunarskrifstofur skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendafélagi Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár, og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

2. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, frá 10—1000 kr., og skulu mál út af brotunum rekin að hætti almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.